

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

#### 1. gr.

23. gr. orðist svo:

„Útgefandi lyfseðils skal tilgreina á lyfseðli hvernig, hvenær og við hverju nota á ávísað lyf á þann hátt, að auðskilið sé fyrir notanda þess. Í undantekningartilvikum má læknir sleppa að geta við hverju lyf er notað, telji hann það þjóna hagsmunum sjúklings. Ef unnt er skal greina bæði einstakan skammt og dagsskammt.“

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.*

F. h. r.

**Davíð Á. Gunnarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*